



Ársskýrsla

Sorpstöðvar Suðurlands

fyrir starfsárið 2000 - 2001

Sörf stjórnar

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 7. mars 2000. Á þeim fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Aðalmenn; Karl Björnsson, formaður, Ágúst Ingi Ólafsson og Sesselja Jónsdóttir. Varamenn; Gísli Páll Pálsson, Bjarni Einarsson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Skoðunarmenn voru kosnir Bjarki Reynisson og Loftur Þorsteinsson

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 7 formlega fundi en auk þeirra hafa verið haldnir ýmsir fundir með þátttöku eins eða fleiri stjórnarmanna í tengslum við þau mál sem hafa verið á döfni.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur vinnur að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar. Einng starfar afleysingamaður á urðunarsvæðinu á sumrin. Framkvæmdastjóri SASS fer jafnframt með framkvæmdastjórn fyrirtækisins og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru samtals 14. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 8 sveitarfélög þannig að í raun er 21 sveitarfélag á Suðurlandi sem stendur að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins, en það hefur aukist um 42,2 % á milli ára:

Tafla 1

Eignaraðilar	Íbúafjöldi	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
	1.des 2000		
Sorpstöð Rangárvallasýslu	2,903	19.12	16,015,713
Árborg	5,856	38.58	32,307,273
Gaulverjabæjarhr.	133	0.88	733,755
Hraungerðishreppur	174	1.15	959,950
Villingaholtshreppur	183	1.21	1,009,602
Skeiðahreppur	250	1.65	1,379,238
Gnúpverjahreppur	285	1.88	1,572,331
Hrunamannahreppur	726	4.78	4,005,307
Biskupstungnahr.	550	3.62	3,034,324
Laugardalshreppur	249	1.64	1,373,721
Grímsnes- Grafningshreppur	328	2.16	1,809,560
Þingvallahreppur	43	0.28	237,229
Hveragerði	1,813	11.94	10,002,235
Ölfushreppur	1,687	11.11	9,307,099
	15,180	100.00	83,747,338

Afkoma

Afkoma fyrirtækisins var mjög góð á síðasta ári.. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld varð tæplega 23 milljónir króna, en hafði verið áætlaður ríflega 7 milljónir króna. Ástæður betri afkomu en áætlað var eru í fyrsta lagi mun meira sorpmagn en árið áður, bæði frá sveitarfélögum og viðskiptaaðilum, í öðru lagi urðu tekjur vegna urðunar sláturúrgangs meiri en áætlað var og í þriðja lagi hækkaði gjaldskrá verulega eða yfir 20 %. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er orðin mjög sterk og

er eigið fé fyrirtækisins nú tæplega 84 milljónir króna og hækkar um 42,2 % á milli ára. (Á síðastliðnum 6 árum hefur eigið fé fyrirtækisins nær fjórfaldast.) Greiðslustaða fyrirtækisins batnar verulega á milli ára. Handbært fé hækkar um rúmar 7 milljónir króna. Ef til vill kann einhver að spyrja í framhaldi af þessu hvort ekki sé ástæða til að endurskoða gjaldskrárstefnu fyrirtækisins m.t.t þessarar góðu afkomu. Hún þarf að sjálfsögðu ávallt að vera til endurskoðunar, en hins vegar þarf einnig að hafa í huga að töluverður kostnaður mun fylgja svæðinu eftir að rekstri þar verður hætt. Nýsamþykkt tilskipun Evrópusambandsins skyldar rekstraraðila urðunarsvæða til að fylgjast með og grípa til viðeigandi ráðstafana á svæðinu í 30 ár eftir að venjulegum rekstri er hætt. Þá er ákvæði í tilskipuninni sem kveður á um að gassöfnun skuli hafin ekki síðar en árið 2009. Það væri því skynsamlegt að hefja undirbúning að þessu sem fyrst t.d. að leggja til hliðar árlega inn á sérstakan varasjóð sem ekki mætti nota til annarra hluta. Í Evrópu er slíkt víða skylt samkvæmt lögum.

Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði um síðustu áramót samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar og nam hækkunin um 20 % í samræmi við markaða stefnu, sem er sú að sorpgjöld sveitarfélaganna hækki umfram verðlagshækkunir til að þrepaskipta óumflýjanlegri hækkun vegna minnkaðra viðskipta á næstu árum. Gert var ráð fyrir að síðasta skref í þessum hækkunum yrði stigið á næsta ári, en áætlað hafði verið að gjald til aðildarsveitarfélaga þyrfti að hækka í kr. 2.90/kg árið 2002. Þessa áætlun þarf að endurskoða í ljósi reynslunnar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 2.50 pr/kg.
Gjald fyrir sammingsbundin viðskipti	kr. 1.85 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 4.90 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. 4.80 pr/kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1.00 pr/kg.
Afgreiðslugjald	kr. 780.-
Gjald fyrir trjáskurlara	kr. 2.200 pr. klst.

Allar verðtölur eru án virðisaukaskatts.

Starfsemin á urðunarsvæðinu

Starfsemin í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið með venjubundnum hætti og gengið hnökralaust fyrir sig. Nú hefur verið lögð fram tillaga að endanlegum frágangi og útliti urðunarsvæðisins sem unnin er af Landformi ehf og er nú til umfjöllunar hjá Sveitarfélaginu Ölfusi. Lögð hefur verið áhersla á endanlegt útlit falli sem best að landslagi, en jafnframt að nýting urðunarreinanna verði sem best.


Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámvöllur í sveitarfélaginu.

Á árinu var takmörkuð opnun (lokað í 5 tíma eða minna) 14 daga, en lokað (lokað í meira en 5 tíma) var 29 daga. Þessi takmörkun og lokun er fyrst og fremst vegna veðurs.

Þegar vindur mælist yfir 13 m/s á urðunarsvæðinu er móttaka stöðvuð. Samfelld lokun eða takmarkað aðgengi er undantekning, tvisvar sinnum var takmarkað aðgengi í 3 daga en 11 sinnum var lokað eða takmarkað aðgengi í 2 daga í röð.

Á árinu 2000 nam innvegið magn samtals 29.040 tonnum sem er 21,6 % aukning frá 1999. Mótttekið magn frá sveitarfélögunum var 14,8 % meira en 1999 og 10,5 % magnminkun varð frá sláturhúsunum, úrgangur fluttur inn á svæðið með Gámakó og Gámaþjónustunni jókst um 40 %. Úrgangur frá öðrum rekstri á svæðinu var 35% meiri en árið á undan.

Nánari sundurliðun á magni frá sveitarfélögum og fyrirtækjum er í viðauka 1, 2, 3 og 6.



Stöplarit 1. Magn úrgangs til urðunar á Kirkjuferjuháleigu s.l. 4 ár.

Nýr sorptroðari

Seint á sl. ári var tekin ákvörðun um að kaupa nýjan sorptroðara . Mjög góð reynsla var af eldri troðaranum, sem er af gerðinni BOMAG, og því var ákveðið að að leita á sömu mið aftur. Kaupverð nýja troðarans var um 19,5 milljónir króna. Samningar eru í burðarliðnum um sölu gamla troðarans hér innanlands. Reynslan sýnir að það var skynsamleg ákvörðun að kaupa sorptroðara á urðunarsvæðið, nýting svæðisins batnaði verulega auk þess sem tækið heftir mjög hugsanlegt fok auk ýmissa annarra kosta. Nýja tækið kom til landsins um mánaðamótin mars – apríl sl. og hefur þegar verið tekið í notkun.

Upplýsingamál

Heimasíða Sorpstöðvarinnar var sett upp 1998 , en hefur verið uppfærð reglulega. Nú hefur útliti hennar verið umbylt og efnið endurskoðað Þar er jafnan birt það helsta sem um er að vera í heimi endurvinnslu og úrgangsmeðhöndlunar. Jafnframt eru þar

birtar fundargerðir og aðrar fréttir sem viðkoma rekstri stöðvarinnar. Slóðin er www.sudurland.is/sorpstod. Til stendur að endurútgefa upplýsingabæklinginn sem kom út 1998, en hann fékk góðar undirtektir á sínum tíma.

Endurvinnsla á Suðurlandi.

Dagblaða og tímaritapappír. Á Suðurlandi hefur nú í 5 ár verið tekið við pappír til endurvinnslu. Gámaþjónustan í Reykjavík hefur útvegað söfnunarlát og séð um losun þeirra og flutning til SORPU sem síðan hefur komið pappírnum til Svíþjóðar í endurvinnslu. Nokkuð jöfn aukning hefur verið í móttöknu magni pappírs á tímabilinu og er s.l. ár ekki undantekning, en 20 % aukning varð á milli ára. Innvegið magn nam 224 tonnum. Nú eru 24 móttökustaðir fyrir pappír á svæðinu. Árangur sveitarfélaganna er nokkuð misjafn eins og sést í viðauka 4, en Grímsnes- og Grafningshreppur hefur tekið forustuna með 30,1 kg/íbúa, í öðru sæti eru íbúar Árborgar sem hafa að meðaltali skilað 20,1 kg. Í þriðja sæti eru svo Laugardalshreppur.

Fernur. Aðgreining og skilun á fernum hefur fest sig í sessi en 2000 söfnuðust 25 tonn af fernum sem er 39 % minkun milli ára. Gámaþjónustan hefur útvegað ílát og annast hirðu og flutning til SORPU, sem síðan kemur fernunum utan til endurvinnslu.

Brotajárn. Brotajárn vegur þyngst af þeim efnum sem safnað er og komið er til endurvinnslu. Árið 2000 söfnuðust og voru flutt af svæðinu 3.346 tonn af brotajárni, en það er 24 % aukning milli ára. Sveitarfélögin hafa í auknum mæli komið fyrir aðgengilegum brotajárnsgámum allt árið, einnig safnast mikið af járn í vorhreinun sveitarfélaganna, en í þeim tilfellum þar sem flytja á mikið magn af járn er fengin brotajárnpressa til að minnka umfangið á járninu og þar af leiðandi minnka flutningskostnað. Járníð hefur verið flutt til höfuðborgarsvæðisins nánar tiltekið til Furu ehf í Hafnarfirði og Hringrásar í Rvk. Sorphirðar á svæðinu hafa annast flutninga ásamt Furu ehf. Fura hakkar brotajárnið og aðskilur aukaefni frá og eykur þar með verðmæti brotajárnsins en Hringrás pressar brotajárnið og flytur það síðan út. Nánari upplýsingar í viðauka 5.

Spilliefni. Árið 1996 voru sett lög um spilliefnagjald, lög nr 56/1996. Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna og auka skil spilliefna með því að spilliefnahafar greiði spilliefnagjald, við innflutning eða framleiðslu vara sem verða að spilliefnum. Spilliefnagjald er í vörslu Spilliefnanefndar sem greiðir fyrir förgun spilliefna er gjaldið hefur verið lagt á. Til þess að spilliefni valdi ekki skaða greiðir sá er þau efni hefur undir höndum þjónustugjald er nemur kostnaði af því að gera efnin óskaðleg. Hefur það fyrirkomulag, að sá greiðir er mengun veldur, verið nefnt mengunarbótarregla (Polluter Pays Principle). Áður greiddu úrgangshafar fyrir förgun spilliefna en það fyrirkomulag hefur verið álitíð letjandi á skil. Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er átt við vörur, efni og umbúðir þeirra sem geta haft mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið. Á það við hvort sem efnin eru hrein eða hluti af öðrum efnum eða vörum.

Á starfsvæði Sorpstöðvar Suðurlands eru 10 móttökustaðir fyrir flestar tegundir spilliefna, að auki er hægt að losna við einstakar tegundir á fleiri stöðum s.s. rafhlöður, rafgeyma og úrgangsolíu. Sveitarfélögin hafa valið mismunandi leiðir við að safna og flytja spilliefnin. Átta sveitarfélög hafa samið við Endurvinnsluna á

Akureyri um þjónustu við spilliefna móttöku, Árborg og Sorpstöð Rangárvallasýslu sjá sjálf um móttöku og flutning spilliefna. Milli árána 1999 og 2000 varð 300 % aukning á innsöfnuðum spilliefna, það var viðbúið að svo yrði þar sem lagt var spilliefnagjald á úrgangsolíu á árinu og upplýsingar um magn úrgangsolíu bættust þar af leiðandi inn í spilliefnabókhalðið. Ef úrgangsolían er undanskilin og árin 1999 og 2000 borin saman kemur samt fram aukning upp á 46 %.

Fatnaður. Rauði krossinn stendur fyrir söfnun á fatnaði. Á síðasta ári voru fylltir sex 20 feta gámar eða rúm 36 tonn af fatnaði sem notaður var til hjálparstarfs og einnig seldur til fjáröflunar.

Skilagjaldsumbúðir. Áætluð heildarskil á dósum og flöskum með skilagjaldi hefur verið um 86 %, sem gerir um 14 kg af umbúðum á mann. Ekki liggja fyrir tölur um skil eftir landshlutum þannig að notað er landsmeðaltal.

Endurvinnsla á plasti. Plastmótun, Læk Ölfusi, hefur fest kaup á plastendurvinnslubúnaði þeim er Funaplast notaði til endurvinnslu á nyloni og gerði tilraunir til endurvinnslu á landbúnaðarplasti. Hefur fyrirtækið endurnýjað búnaðinn að nokkru leyti og hefur vinnsla gengið vel. Fyrirtækið er að taka við ýmisskonar PE (polyetelyn) plastúrgangi, s.s. fiskikössum veiðarfærum, brúsum og öðrum ílátum. Með þessari vinnslu ná þeir að vera sjálfum sér nægir með hráefni fyrir fullvinnsluna. Plastmótun framleiðir m.a. vegstikur og snjóskaflavarnir fyrir Vegagerð ríkisins. Plastmótun hefur sent stjórn Sorpstöðvarinnar erindi þar sem óskað er hlutafjárþátttöku fyrirtækisins, en ekki hefur verið tekin afstaða til þess.

Ýmis verkefni

Samþykktir og gjaldskrár. Nokkur sveitarfélög hafa á síðustu misserum tekið til endurskoðunar gjaldskrár og samþykktir um sorphirðu. Til þess að gjaldskrá fáiast samþykkt þarf að vera gild samþykkt henni til grundvallar. Til að samþykkt sé gild þarf samþykki sveitafélags og heilbrigðisnefndar og staðfestingu umhverfisráðherra. En gjaldskrá þarfnast samþykki sveitarfélags og heilbrigðisnefndar. Frekari upplýsingar og drög að samþykktum er hægt að nálgast hjá Sorpstöð Suðurlands og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Fenúr. Sorpstöð Suðurlands er aðili að Fenúr. Fenúr eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri umræðu um sorphirðu og endurvinnslu. Hlutverk þessa félags er miðlun traustra upplýsinga jafnframt því að eiga í alþjóðlegri samvinnu. Með því móti má tryggja hagsmuni okkar og forðast mistök og ósamræmdar aðgerðir. Full þörf væri einnig á því að fyrirtæki sveitarfélaga í þessum málaflokki tækju upp meira samstarf um þessi mál.

Flokkunarmerkingar. Sorpstöð Suðurlands óskaði eftir því við Fenúr að þeir myndu ljúka gerð og gefa út flokkunarmerkingar. Merkingarnar hafa nú litið dagsins ljós, eru í viðauka 7, og von okkar að þær nýtist vel. Flokkun ýmissa úrgangstegunda eykst hægt og bitandi. Til þess að halda þeirri þróun við, og til að auðvelda úrgangshöfum rétta aðgreiningu þurfa upplýsingar um einstaka flokka að vera skýrar og aðgengilegar. Merkingar á flokkunarmöguleikum hvort heldur á heimilum, í fyrirtækjum, í kynningarefni eða á gámafvöllum þurfa að vera fljótskiljanlegar,

lýsandi fyrir hvern flokk og samræmdar fyrir landið allt. Með þessum merkingum ætti flokkun að vera aðgengilegri og gæði einstakra flokka að aukast.

Kjötmjölsverksmiðja

Framkvæmdum við kjötmjölsverksmiðju lauk í byrjun sláturtíðar sl. haust, eftir stuttan framkvæmdatíma. Reksturinn hófst með ágætum, þrátt fyrir ýmsa byrjunarerfiðleika og allt mjöl sem framleitt var í verksmiðjunni í sláturtíðinni seldist á góðu verði. Í desember sl. urðu hins vegar váleg tíðindi úti í Evrópu, kúariða sem áður hafði verið talin bundin við Bretlandseyjar, greindist á meginlandinu og gripu stjórnvöld til harkalegra aðgerða sem lokuðu á allan innflutning kjötmjöls. Einnig hafa verið gefnar út tilskipanir sem banna notkun kjötmjöls í fóður fyrir dýr sem ætluð eru til manneldis. Í kjölfarið varð síðan verðfall á kjötmjöli, þannig að útflutningur til N-Ameríku og Asíu svarar ekki kostnaði. Unnið hefur verið að því hörðum höndum að selja afurðirnar innanlands, bæði sem loðdýrafóður og sem áburð í landgræðslu og skógrækt. Ákveðið hefur verið að gera tilraunir á þessu ári með mjölið í þessu skyni, en þess er ekki að vænta að innanlandsmarkaður taki við verulegu magni strax. Miklar birgðir hafa því safnast upp og afleiðingin er sú að fyrirtækið á við verulegan rekstrarvanda að stríða. Leitað hefur verið eftir aðstoð stjórnvalda, viðræður hafa átt sér stað við landbúnaðarráðuneytið allt frá áramótum sem engum árangri hafa skilað. Ljóst er að niðurstaðan verður neikvæð, þó hún liggja ekki formlega fyrir.

Nú á næstu vikum verða hluthafar að taka ákvörðun um framtíð fyrirtækisins. Tveir kostir koma til greina; að óska eftir gjaldþrotaskiptum eða auka hlutfé þess og gera aðrar ráðstafanir til að renna nýjum stoðum undir reksturinn. Að mati stjórnarinnar á að reyna allt sem hægt er til að koma fótum undir fyrirtækið á ný því mikil umhverfisbót er að starfsemi og markmið Sorpstöðvarinnar með aðild sinni að fyrirtækinu hefur einmitt fyrst og fremst verið að stuðla að betra og hreinna umhverfi. Ekki er enn ljóst hver afstaða annarra hluthafa verður til aukningar hlutfjár, en þó er ljóst að þeir munu ekki allir verða reiðubúnir til að auka sinn hlut. Sorpstöðin hefur frá upphafi gegnt forystuhlutverki í Kjötmjöli ehf og séð um rekstur verksmiðjunnar og verður að mati stjórnarinnar að leiða fyrirtækið í gegnum þessar þrengingar. Á undanförunum mánuðum hefur Sorpstöðin, þ.e.a.s framkvæmdastjóri með vitund stjórnar, þurft að hlaupa undir bagga með fyrirtækinu, þar sem afurðalán hafa ekki fengist hjá viðskiptabanka þess. Nemur skuldin nú alls um 12 milljónum króna. Inni í þeirri tölu er 3 milljóna reikningur frá síðasta ári fyrir þjónustu Sorpstöðvarinnar við fyrirtækið. Talið er að auka þurfi hlutfé í Kjötmjöli ehf um a.m.k. 20 milljónir króna, að því tilskildu að eldra hlutfé verði fært niður sem nemur tapi síðasta árs og að samkomulag Kjötmjöls ehf og Sláturfélags Suðurlands um bindingu upphæðar vinnslugjalds í 4 ár verði fellt úr gildi. Líkur eru á að megin hluti þessa nýja hlutfjár geti einungis komið frá Sorpstöð Suðurlands verði hlutfjárukning samþykkt. Um skuldajöfnun yrði þá að ræða, þannig að nýtt innborgað hlutfé yrði um 8 milljónir króna frá Sorpstöðinni. Stjórnin leggur til að haldinn verði sérstakur aukafundur Sorpstöðvarinnar fimmtudaginn 31. maí n.k. kl. 13:30 að Austurvegi 56, Selfossi, til að taka ákvörðun um framhald þessa máls.

Lokaorð

Framundan eru breyttir tímar í starfsemi Sorpstöðvar. Breytingar verða á viðskiptum um næstu áramót ásamt því að flokkun og endurvinnsla mun stóraukast á næstu

árum. Magnið sem fer til urðunar mun því minnka og samsetning þess breytast. Jafnframt munu auknar opinberar kröfur gera það að verkum að fyrirtækið þarf að leggja í kostnaðarsamar aðgerðir í framtíðinni. Því er mikilvægt að hagur fyrirtækisins verði áfram traustur og fjárhagur nægilega rúmur til að standa undir auknum kostnaði. Jafnframt þarf fyrirtækið ávallt að leita hagkvæmustu leiða í rekstrinum án þess að slá slöku við hvað faglegu hliðina snertir, en fyrirtækið hefur hingað til haft mikinn metnað og bryddað upp á ýmsum nýjungum á síðustu árum. Látum það merki ekki falla.